

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 4. mars 1975

um þriðju breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkja  
anna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis

(75/155/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Svo virðist sem orðalag tiltekinna ákvæða í tilskipun ráðsins 73/241/EBE <sup>(2)</sup> frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkja varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 74/644/EBE <sup>(3)</sup>, kunní að leiða til mismunandi túlkunar.

Í ákveðnum tilvikum geta ákvæði 1. mgr. 6. gr. í þeirri tilskipun verið túlkuð á þann hátt að sala á súkkulaði í plötum eða stöngum sem veга 85 g stykkið sé útilokuð, enda þótt þessi þyngd sé mjög algeng í sumum aðildarríkjum. Aðferðirnar við að gefa upp nettóþyngd á vörum með staðlaða þyngd undir 50 g stykkið og eru í umbúðum sem í eru tvö

eða fleiri stykki og veга til samans ekki undir 50 g er unnt að túlka á ýmsa vegu. Skilgreiningarnar sem samþykktar eru í I. viðauka á ýmsum súkkulaðivörum sem innihalda mjólk í mismunandi formi kunna að takmarka á óréttmætan hátt val framleiðanda á hræfnum. Þegar önnur bragðefni en etýlvannillín eru notuð er ekki krafist upplýsinga um heiti efnisins eða efnanna sem notuð eru þegar vörurnar eru settar á markað heldur eingöngu upplýsinga um bragð þeirra. Því ber að skilja að heimilt sé að vísa til mjólkur og mjólkurafurða þegar hvítt súkkulaði er sett á markað.

Því ber að orða þessi ákvæði á skýrari hátt.

Nauðsynlegt virðist að bæta við á tilteknum tungumálum heitum yfir þær vörur sem skilgreindar eru í liðum 1.11 og 1.13 í 1. mgr. I. viðauka.

Einnig ber að samþykkja heitið „Kuvertüre“ í þýsku útgáfunni um vörur sem taldar eru upp í lið 1.20 í 1. mgr. I. viðauka í samræmi við viðskiptahætti.

Heitið „filled chocolate“ er almennt ekki notað í ensku. Því ætti einnig að vera heimilt að nota önnur heiti sem neytendur þekkja betur.

Í tilskipun 73/241/EBE er ekki kveðið á um merkingu stórra umbúða sem ekki eru ætlaðar til smásölu eins og gert er í nýrri tilskipunum um matvæli, einkum tilskipun ráðsins

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 5, 8. 1. 1975, bls. 65.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 349, 28. 12. 1974, bls. 63.

74/409/EBE <sup>(1)</sup> frá 22. júlí 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hunang. Á þessu verður að ráða bót.

Í tilskipun 74/644/EBE var fresturinn til að laga landslög að ákvæðum tilskipunar 73/241/EBE framlengdur til 1. júlí 1975, en dagsetningum þegar þessi ákvæði öðlast gildi var ekki breytt.

Stytting tímabilsins frá því að þessi ákvæði eru tekin upp í landslög og þar til þau koma til framkvæmda kann að leiða til vandamála í reynd. Því ber að lengja tímann til að koma reglunum til framkvæmda samkvæmt tilskipun 73/241/EBE svo að heimila megi viðskipti með þessar vörur í samræmi við þessi ákvæði frá og með 1. janúar 1976 og banna viðskipti með vörur sem ekki eru í samræmi við ákvæðin frá og með 1. janúar 1977.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Tilskipun 73/241/EBE er breytt í samræmi við eftirfarandi greinar.

##### 2. gr.

Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 3. gr:

„— heimilt er í ensku að láta eitt eftirfarandi heita: „chocolate with ... filling“, „chocolate with ... centre“ koma í stað heitisins „filled chocolate“.“

##### 3. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Suðusúkkulaði, sætt suðusúkkulaði, súkkulaði með gíandújahnetum, mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum, hvítt súkkulaði og fyllt súkkulaði, í plötum eða stöngum sem vega minnst 85 g og mest 500 g stykkið skal aðeins sett á markað í eftirfarandi þyngdum: 85 g, 100 g, 125 g, 150 g, 200 g, 250 g, 300 g, 400 g og 500 g.“

##### 4. gr.

Í stað e-liðar 1. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„e) nettóþyngdin, nema varan vegi minna en 50 g; þó, þegar um er að ræða vörur sem vega minna en 50 g stykkið og fleiri en eitt stykki eru saman í umbúðum að nettóþyngd sem er ekki undir 50 g, tilgreinist annaðhvort heildarnettóþyngdin á ytri

umbúðunum eða nettóþyngd stykkis á umbúðum hvers stykkis svo fremi það sé vel læsilegt utan á vörunni; heimilt er að láta lágmarksnettóþyngd koma í stað þessara upplýsinga þegar um er að ræða holmótaðar vörur.“

##### 5. gr.

Eftirfarandi a-liður 2. mgr. bætist við 7. gr.:

„2. a) Ef vörunum sem skilgreindar eru í I. viðauka er pakkað í umbúðir eða ílát sem eru ekki undir 10 kg nettó og eru ekki seldar í smásölu mega upplýsingarnar sem um getur í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. ásamt upplýsingunum sem um getur í f-lið 1. mgr. um vörur sem skilgreindar eru í liðum 1.1 – 1.7 í I. viðauka aðeins koma fram í fylgiskjölunum.“

##### 6. gr.

Í stað fyrsta málsliðar c-liðar 2. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„sem banna markaðssetningu á vörum sem eru í stöngum eða plötum og vega meira en 75 g og ekki meira en 85 g.“

##### 7. gr.

Í stað annars málsliðar fyrstu málsgreinar og annarrar málsgreinar 15. gr. komi eftirfarandi:

„Þeim lögum sem þannig er breytt skal beitt á þann hátt að:

— viðskipti með vörur sem eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði heimil frá og með 1. janúar 1976,

— viðskipti með vörur sem ekki eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði bönnuð frá og með 1. janúar 1977.“

##### 8. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar liðar 1.11:

— í þýsku útgáfunni:

„1.11. gezuckertes Haushaltskakaopulver, gezuckerter Haushaltskakao, Haushaltsschokoladenpulver“;

— í frönsku útgáfunni:

„1.11. cacao de ménage sucré en poudre, cacao de ménage sucré, chocolat de ménage en poudre“;

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 221, 12. 8. 1974, bls. 10.

— í ítölsku útgáfunni:

„1.11. cacao comune zuccherato in polvere, cacao comune zuccherato, cioccolato comune in polvere“;

— í hollensku útgáfunni:

„1.11. gesuikerd huishoudcacaopoeder, gesuikerde huishoudcacao, huishoudchocola-depoeder“.

9. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar liðar 1.13:

— í þýsku útgáfunni:

„1.13. fettarmes oder mageres, gezuckertes Haushaltskakaopulver, fettarmer oder magerer, gezuckerter Haushaltskakao, stark entöltes, gezuckertes Haushaltskakaopulver, stark entölter, gezuckerter Haushaltskakao“;

— í frönsku útgáfunni:

„1.13 cacao de ménage maigre sucré en poudre, cacao de ménage maigre sucré, cacao de ménage fortement dégraissé sucré en poudre, cacao de ménage fortement dégraissé sucré“;

— í ítölsku útgáfunni:

„1.13. cacao comune magro zuccherato in polvere, cacao comune magro zuccherato, cacao comune fortemente sgrassato zuccherato in polvere, cacao comune fortemente sgrassato zuccherato“;

— í hollensku útgáfunni:

„1.13. gesuikerd mager huishoudcacaopoeder, gesuikerde magere huishoudcacao, gesuikerde sterk ontvet huishoudcacaopoeder, gesuikerde sterk ontvette huishoudcacao.“

10. gr.

Í lið 1.14 í 1. mgr. I. viðauka komi: „innihald óbundinna fitusýra“ í stað „súrleiki“

11. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka bætist orðið „Kuvertüre“ í þýsku útgáfunni við fyrirsögnina á lið 1.20.

12. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað liðar 1.21:

„1.21. Mjólkursúkkulaði

varan er framleidd úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbótar af kakósmjöri, sem og mjólk eða þurrefnum sem fengin eru með því að hálf- eða fullþurrka nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu og hugsanlega rjóma, hálf- eða fullþurrkuðum rjóma, smjöri eða smjörfitu; hún skal einkennast af eftirfarandi með fyrirvara um skilgreiningarnar á mjólkursúkkulaðispænum, mjólkursúkkulaði með gíandújahnetum og hjúpmjólkursúkkulaði:

— kakóþurrefni samtals að minnsta kosti 25%

— fitusnauð kakóþurrefni að minnsta kosti 2,5%

— þurrmjólk samtals úr þeim efnum sem skráð eru hér að framan að minnsta kosti 14%

— smjörfita að minnsta kosti 3,5%

— fita samtals að minnsta kosti 25%

— súkrósi að minnsta kosti 55%;

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd viðbótanna sem kveðið er á um í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá.“

13. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað liðar 1.22:

„1.22. Rjómasúkkulaði

varan er framleidd úr kakókjörnum, kakómassa, kakódufti eða fituskertu kakódufti og súkrósa, með eða án viðbótar af kakósmjöri, sem og mjólk eða þurrefnum sem fengin eru með því að hálf- eða fullþurrka nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu, hugsanlega úr rjóma, hálf- eða fullþurrkuðum rjóma, smjöri eða smjörfitu; hún skal einkennast af eftirfarandi:

— kakóþurrefni samtals að minnsta kosti 20%

— fitusnauð kakóþurrefni að minnsta kosti 2,5%

— þurrmjólk samtals úr þeim efnum sem skráð eru hér að framan að minnsta kosti 20%

— smjörfita að minnsta kosti 5%

— fita samtals að minnsta kosti 25%

— súkrósi að minnsta kosti 55%;

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd viðbótanna sem kveðið er á um í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá.“

## 14. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað liðar 1.23:

„1.23. Mjólkursúkkulaðispænis, mjólkursúkkulaðiflögur mjólkursúkkulaði í spænum eða flögum með eftirfarandi einkenni sem eru önnur en þau sem mælt var fyrir um í 1. mgr. lið 1.21:

- kakóþurrefni samtals að minnsta kosti 20%
- þurrmjólk samtals úr þeim efnum sem skráð eru í lið 1.21 að minnsta kosti 12%
- smjörfita að minnsta kosti 3%
- fita samtals að minnsta kosti 12%
- súkrósi að minnsta kosti 66%.”

## 15. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað liðar 1.24:

„1.24. súkkulaði með gíandújahnetum (eða einhverju öðru úr „gíandúja“)

varan er annars vegar framleidd úr mjólkursúkkulaði sem í eru að minnsta kosti 10% af þurrmjólk og hins vegar úr fínuldu heslihnetum þannig að í 100 g af vörunni sé ekki meira en 40 g og ekki minna en 15 g af heslihnetum. Heimilt er að bæta við möndlum, heslihnetum og öðrum hnetutegundum, annaðhvort heilum eða í bitum, þó þannig að þær, ásamt muldu heslihnetunum, séu til samans ekki meira en 60% af heildarþyngd vörunnar.“

## 16. gr.

Í 1. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað liðar 1.26:

„1.26. Hvítt súkkulaði

varan er án litarefna, framleidd úr kakósmjöri, súkrósa, mjólk eða þurrefnum sem fengin eru með því að hálf- eða fullþurrka nýmjólk, léttmjólk eða undanrennu og hugsanlega úr rjóma, hálf- eða fullþurrkuðum rjóma, smjöri eða smjörfitu; hún skal einkennast af eftirfarandi:

- kakósmjör að minnsta kosti 20%
- þurrmjólk samtals úr þeim efnum sem skráð eru hér að framan að minnsta kosti 14%
- smjörfita að minnsta kosti 3,5%
- súkrósi að minnsta kosti 55%;

Þessi hlutföll skulu reiknuð út eftir að þyngd viðbótanna sem kveðið er á um í 5. – 8. mgr. hefur verið dregin frá.“

## 17. gr.

Í b-lið 5. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað annars undirliðar annarrar málsgreinar:

„— þegar önnur bragðefni en etýlvannillín eru notuð, með því að bæta við heitið „með ... bragði“, ásamt upplýsingum, með jafnstórum stöfum, um eðli bragðsins. Allar vísanir til náttúrlægs uppruna skulu takmarkast við náttúrlæg bragðefni;“

## 18. gr.

Í b-lið 7. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi í stað textans í i-lið:

„i) mjólk og mjólkurvörur, þegar fullunnin vara er ekki mjólkursúkkulaði, rjómasúkkulaði, hjúp-mjólkursúkkulaði eða hvítt súkkulaði;“

## 19. gr.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. júlí 1975 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

## 20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. mars 1975.

Fyrir hönd ráðsins,

M. A. CLINTON

forseti.